

Áherslur og forgangsröðun menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

Vegna vinnu við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. Í kjölfar vinnudags 1. febrúar 2019.

1. Virk, litrík grasrót

- Það á að styðja við grasrót menningar-, íþróttá- og tómstundarstarfs í borginni og virkja sköpunarkraft hennar.
- Grasrótin þarf að endurspegla fjölbreytileika mannlífsins í Reykjavík, þar á meðal ólíkan uppruna íbúanna.
- Efla þarf styrkjaróttana í menningarmálum.
- Tryggja mannréttindasjónarmið, á borð við kynjajafnrétti og forvarnir gegn einelti og ofbeldi séu höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga.
- Borgin þarf að vera opin þegar kemur að nýjungum í tómstundarstarfi.

2. Betra aðgengi í öllum hverfum

- Það þarf að brjóta niður múra sem hindra þátttöku í menningu, íþróttum og tómstundum.
- Huga þarf að þjónustustigi og opnunartíma menningar- og íþróttastofnana. Hlúa þarf að barnamenningu og sjá til að fólk geti tekið þátt í menningu og íþróttum óháð efnahag og því hvar sem í borginni það býr.
- Skoða þarf sérstaklega þátttöku barna í skipulögðu íþróttá og tómstundarstarfi í Breiðholti.
- Klára uppbyggingu í Úlfarsárdal og skoða hvort það fordæmi geti nýst í öðrum hverfum.

3. Hagkvæmni og samlegðaráhrif

- Nýta betur húsnæði í eigu borgarinnar, auka samstarf milli sviða, og minnka sóun með því að hvetja grasrótarhreyfingar til að samnýta húsnæði minnka þörf þeirra fyrir háan stofnkostnað.
- Skoða sérstaklega hverfaskiptingu íþróttafélaga og hvetja til aukinnar hagkvæmni með samvinnu og sameiningum.
- Skoða þarf mannvirkjamál til framtíðar með skynsemi og hagkvæmni að leiðarljósi.

--Drög--

Pawel Bartoszek – formaður MÍT